

# Óveður

## Tilmæli um viðbrögð foreldra/forráðamanna barna í skólum og frístundastarfi

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist sjálfir með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barnanna og bregðist við í samræmi við aðstæður hverju sinni. Aðstæður geta þróast með ófyrirséðum hætti og verið mismunandi eftir svæðum.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki niður nema annað sé tilkynnt. Í upphafi skóladags getur tafist að fullmanna skóla og mega foreldrar þá búast við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Foreldrar leggja ávallt sjálfir mat á það hvort fylgja þurfi barni í skóla, óháð því hvort tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sæki skóla, skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlilegar fjarvistir. Sama gildir ef börn eða foreldrar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa.

Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, t.d. vegna vanbúinnar bifreiðar til vetraraksturs.

Skólabílstjórar leggja mat á aðstæður og endanleg ákvörðun um akstur eða niðurfellingu á skólaakstri er á sameiginlega ábyrgð þeirra og skólastjórnenda.

Ef tvísýnt er um veður og færð skal skólabílstjóri hafa samband við skólastjóra eða staðgengil hans um hvort skólastarf verði þann dag eða ekki. Ákvörðun um skólaakstur á slíkum dögum skal tekin sameiginlega og tryggt að upplýsingar berist til foreldra ef breyting verður á skipulögðum skólaakstri.

Þó að skólaakstur falli niður vegna veðurs og/eða færðar getur skólahald verið með eðlilegum hætti og börn sem búa í þéttbýli geti þannig sótt skóla.

Komi til þess að nauðsynlegt reynist að fella niður kennslu vegna veðurs er það auglýst í útvarpi að morgni og á heimasíðu skólans.